

Nd.

432. Nefndarátt

um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir á mörgum fundum rætt frumvarp þetta, sett undirnefnd til rannsóknar á því og leitað sjer ýmsra gagna til samanburðar og skýringar, jafnframt og hún hefir orðið að hafa fyrir augum afdrif og örlög margra annara tekjuaukafrumvarpa í þinginu.

Fyrirkomulag það, sem frv. þetta byggir á, er svo mjög frábrugðið eldri skattalöggjöf landsins, að traudlega verður sjeð, hvernig það á við landshætti eða reynist, fyr en venjan og reglur þær, sem um framkvæmdina verða settar, hafa notið sín um nokkur ár.

Einn aðalvandinn við að setja slík lög sem þessi er það reikula verðgildi peninga og annara verðmæta, ekki síst vinnunnar, og óvissan um það, hvernig þetta skipast, þegar stundir liða og ölduganginn frá heimsstyrjöldinni lægir. Á því veltur mjög um haldkvæmi eða óhaldkvæmi slíkra laga.

Skattstiga þeim, sem í 6. gr. frv. er, virðist þannig ekki mikil ástæða til að breyta eftir viðhorfinu á þessum tíma, nema þá á þann veg að fjölga þrepum og smækka þau við háar tekjur, 20000 kr. og þaðan af meira, en stórfeld breyting á vinnulaunum og öðrum verðmætum getur auðveldlega haggað öllu samræmi hans.

Þetta á síður við um skattstigana í 7. gr. og 15. gr., en þó taka verðmætibreytingarnar allmjög til stigans í 15. gr., og verður með þessu fyrirkomulagi eigi náð því gjaldþolsmarki, sem hið forna meðalverð landauranna veitti.

Nefndin hefir þó orðið sammála um að láta alla þessa skattstiga óbreytta, enda hafa þeir eigi valdið eins mikluin ágreiningi í nefndinni eins og ýms önnur ákvæði frumvarpsins, svo sem ívilnanir um skattgreiðslu fyrir samvinnufjelög, frádráttur skattþegna á því, sem skattfrjálst virðist eiga að vera, og varnir gegn misrjetti við þá í framkvæmd laganna.

Engar verulega róttækar breytingar hefir nefndin sjeð sjer fært að gera á frv., en til að komast að heildartillögu, og þannig, ef kostur væri, að flýta fyrir afgreiðslu málsins, sem eigi má daga uppi, vegna tekjuþarfarinnar, hafa einstakir nefndarmenn takmarkað kröfur sínar og stílt þeim í hóf. Hefir þannig unnist nær einróma samkomulag um að ráða hv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.

Fyrir »5« í næstsíðustu málsgrein komi:

3.

2. Við 7. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, þannig:

Af skattskyldum tekjum þeirra fjelaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6⁰/o.

3. Við 9. gr.

Aftan af annari málsgrein falli:

»Að öðru önnur fjelög«.

4. Við 11. gr. c.

a. 2. og 3. málslíður orðist svo:

Enn fremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir til að tryggja sjer eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald nje af hærri tryggingarupphæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Að öðru leyti skulu iðgjöld af lífsábyrgðum eigi dregin frá skattskyldum tekjum.

b. Í síðustu málsgrein eftir »til hjúahalds« komi:

nema til atvinnurekstrar sje.

5. Við 13. gr.

Fyrir »sem eru skattfrjálsar þess almanaksárs« komi:

en 1000 kr., ef um hjón er að ræða, sem samvistum eru, og er sú upphæð skattfrjáls. Enn fremur framfærslueyrir fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt fast meðlag með), 300 kr. fyrir hvert, ef þau eru ekki fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs.

6. Við 18. gr.

Orðið »fatnaður« í 6. línu falli burt.

7. Við 31. gr.

Fyrir »upp á æru og samvisku« komi:
að viðlögðum drengskap.

8. Við 38. gr.

Fyrir »sem tekju hækkað hjá« í niðurlagi annarar málsgreinar komi:
sem tekju eða eignamati heflr verið breytt hjá.

9. Við 43. gr.

Fyrir »til heimilis hjá honum« komi:
heimilisfastir hjá honum á gjalddaga.

Alþingi, 28. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson,
framsm.

Jakob Möller,
með fyrirvara.

Hákon J. Kristófersson.

Þorl. Guðmundsson.

Þórarinn Jónsson.